

# Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

## 20. FUNDUR – 13. mars 2012

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 20. fundar þriðjudaginn 13. mars 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Stefanía A. Garðarsdóttir. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

- 1) *Ársreikningur 2011 - síðari umræða*
- 2) *Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.*
- 3) *Fundargerðir:*
  - a) *Bæjarráð frá 1. mars 2012*
  - b) *Skipulags-, byggingar og veitunefndar frá 5. mars 2012*
  - c) *Menningar- og fegrunarnefnd 5. mars 2012*

### Afgreiðslur:

1. *Ársreikningur 2011 - síðari umræða*  
Bókun lögð fram á bæjarstjórnarfundi 13. mars 2012.

*Rekstrartekjur Blönduóssbæjar árið 2011 námu 662 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sem er nokkuð hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Tekjur samstæðunnar hækka um 42 milljónir á milli ára sem gerir um 7% hækkun tekna en útgjöld hækka um 2,5 milljónir eða innan við 0,5%. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 34,8 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 52 milljón kr. og er 12 milljónum kr. betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Skuldir og skuldbindingar samtals eru 1.181.959 þús. kr. árið 2011 en voru 1.180.172 þús. kr. árið á undan. Tekin ný langtímalán voru 95 milljónir kr. Afborganir langtímalána ársins 2011 voru 74 milljónir kr. Eigið fé samstæðunnar um síðustu áramót var 608.171 þús. kr. krónur.*

*Niðurstaða ársins er betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrt merki um traustan rekstur Blönduóssbæjar. Bæjarstjórn vill þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir góð störf á liðnu ári.*

Að umræðum loknum bar forseti upp bókunina sem var samþykkt samhljóða með 7 atkv. síðan bar hann upp framlagða ársreikninga Blönduóssbæjar fyrir árið 2011 og voru þeir einnig samþykktir samhljóða.

## **2. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.**

Forseti lagði fram eftirfarandi bókun.

*„Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 40.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna hluta af afborgunum lána á gjalddaga hjá lánasjóðnum á árinu 2012, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni kt. 161171-4339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“*

Forseti bar upp bókunina og var hún samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

## **3. Fundargerðir:**

### **a) Bæjarráð frá 1. mars 2012**

Fundargerðin er í 7 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarstjórn samþykkir varðandi 2. lið fundargerðarinnar að tilnefna Önnu Margréti Sigurðardóttur í hóp um stöðugreiningu um starfsemi leikskólans. Varðandi 7. lið Þekkingarsetur á Blönduósi „Bæjarstjórn Blönduóss tilnefnir þá Arnar Þór Sævarsson og Hörð Ríkharðsson í stjórn Þekkingarseturs á Blönduósi.“ Drög að samþykktum Þekkingarsetursins verði send út til bæjarfulltrúa. Forseti bar upp tilnefninguna í stjórn og var hún samþykkt samhljóða. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **b) Skipulags-, byggingar og veitunefndar frá 5. mars 2012**

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **c) Menningar-og fegrunarnefnd frá 5. mars 2012**

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:05

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Stefanía A. Garðarsd., ritari (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárasón (sign.)

Zophonías Ari Lárússon (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)